

Fundargerð

Miðvikudaginn 4. mars 2020 kl. 9:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar í innanríkisráðuneytinu.

Fundinn sátu, Sigrún Guðmundsdóttir, Ágúst Kristinsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Guðjón Guðmundsson og starfsmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Gísli Hlíðberg Guðmundsson boðaði forföll.

Fundargögn sem lögð eru fyrir fund eru vistuð rafrænt í skjalakerfi SRN.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 5. febrúar 2020 samþykkt.

2. Reikningsskil vegna málaflokks fatlaðs fólks

Þann 27. febrúar sl. boðaði Samband íslenskra sveitarfélaga til vinnustofu „Vinnustofa um fjárhagsupplýsingar / þjónustu við fatlað fólk“. Fulltrúar nefndarinnar sátu vinnustofuna og tóku þátt í borðumræðum. Vegna efnisatriða sem fram komu á fundinum er samþykkt að leggja til við ráðherra að stofnaður verði vinnuhópur til að greina betur veikleika í fjárhagsupplýsingum og reikningsskilum vegna málaflokks fatlaðs fólks. EB falið að gera drög að verkefnislýsingu.

3. Erindi frá KPMG - PIE

Samþykkt var á fundi 5. febrúar sl. að senda efnislega það sem fram kom í minnisblaði nefndarinnar. Eftir nánari óskir um upplýsingar frá Danmörku, er málið sett aftur á dagskrá þar sem vísbendingar eru um að sveitarfélög í nágrennaríkjum séu ekki flokkuð sem PIE. Búið að senda fyrirspurnir til Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og Hollands. Framhaldsumræða á næsta fundi þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

4. Starfsáætlun 2020

Framhalds umræða um komandi starfsár og hugmyndir að verkefnum. EB falið að útfæra endanleg drög fyrir næsta fund.

Fundi lauk kl. 11:50